



Greinargerð

B-hluta fyrirtækja

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2020

Efnisyfirlit

B-hluti	2
Faxaflóahafnir	2
Félagsbústaðir	8
Orkuveita Reykjavíkur	14
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs	22
SORPA bs.	27
Strætó bs	32
Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki	36

B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.



Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

Faxaflóahafnir

Faxaflóahafnir sf. (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Breyting	%	Raun 2019	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.485	4.249	-764	-18,0%	4.121	-636	-15,4%
Rekstrargjöld	-3.266	-3.577	311	-8,7%	-3.258	-8	0,2%
EBITDA	968	1.552	-584	-37,7%	1.604	-637	-39,7%
EBIT	219	672	-453	-67,4%	863	-644	-74,6%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-13	10	-23		20	-32	-165,5%
Óreglulegir liðir (tekjur)	185	0	185		0	185	
Rekstrarniðurstaða	391	682	-290	-42,6%	883	-491	-55,7%

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða ársins 2020 nam 391 m.kr. eða 42,6% verri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Til samanburðar var hagnaður 883 m.kr. árið 2019. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 219 m.kr. eða 67,4% undir áætlun, en 2019 var hagnaður af reglulegri starfsemi 863 m.kr. Söluhagnaður vegna hafnsögubátsins Jötuns, sem var seldur í júní, er 185 m.kr. er undir óreglulegum liðum.



Rekstrartekjur námu 3.485 m.kr. eða 764 m.kr. undir áætlun sem gerði ráð fyrir 4.249 m.kr. Árið 2019 voru tekjur 4.121 m.kr. og hafa því lækkað um 15,4% á milli ára. Allir helstu tekjuliðir drógust saman að eignatekjum undanskildum. Samdráttur í vöruflutningum og afbókanir skemmtiferðaskipa þýða að tekjur ársins urðu talsvert lægri en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Vörugjöld voru 21,5% lægri en áætlun gerði ráð fyrir og aflagjöld voru eilítið undir áætlun. Skipagjöld og tekjur af hafnarþjónustu voru talsvert undir áætlun þar sem nánast engin farþegaskip koma til hafnar vegna Covid-19 faraldursins.

Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2020	Áætlun	Mism.	%	Raun 2019	Mism.	%
Vörugjöld	1.180	1.503	-323	-21,5%	1.357	-177	-13,0%
Aflagjöld	163	170	-7	-4,1%	144	19	13,2%
Skipagjöld	306	503	-197	-39,1%	491	-185	-37,7%
Farþegagjald	6	63	-57	-90,4%	71	-65	-91,5%
Eignatekjur	1.007	1.000	7	0,7%	988	19	1,9%
Hafnarþjónusta	461	672	-211	-31,4%	695	-234	-33,7%
Siglingavernd	217	339	-122	-36,1%	357	-140	-39,3%
Aðrar tekjur	146		146		18	128	709,9%
	3.485	4.249	-764	-18,0%	4.121	-636	-15,4%

Vöru- og aflagjöld

Samdráttur tekna af vörugjöldum skýrist aðallega af minni innflutningi en ráð var fyrir gert en hann nam 2,2 millj. tonna samanborið við 2,5 millj. tonna eins og sjá má í töflunni hér til hliðar. Þannig fækkar gámaeiningum til hafnar úr 221.700 TEU í 221.500. Tómir gámar í flutningi voru 108.600 TEU árið 2019 en voru 100.145 árið 2020. Heildargámaflutningar voru því 321.600 TEU í samanburði við 330.300 TEU árið 2019.

Tekjur af aflagjöldum hækka á milli ára en eru rétt undir áætlun ársins. Aflagjöld reiknast af virði afla og m.a. vegna veikingu krónunnar hefur hann aukist á milli ára þó heildarmagn dragist saman á milli ára.

Tekjur af vörugjöldum (m.kr.)	2018	2019	2020
Heildartekjur	3.966	4.121	3.485
Tekjur af vörugjöldum	1.421	1.357	1.180
Hlutfall af heildartekjur	35,8%	32,9%	33,9%

Þróun flutninga	2018	2019	2020
Innflutningur	2,7 m. tonn	2,5 m. tonn	2,2 m. tonn
Útflutningur	936 þús. tonn	896 þús. tonn	805 þús. tonn
Annar flutningur	187 þús. tonn	321 þús. tonn	287 þús. tonn

Landaður heildarafli	2018	2019	2020
Reykjavík	103.865 t.	74.806 t.	65.870 t.
Akranes	15.572 t.	2.142 t.	1.664 t.
Alls	119.437 t.	76.948 t.	67.534 t.

Skipa- og farþegagjöld og tekjur af hafnarþjónustu og siglingavernd

Verulegt tekjutap er vegna þess að nánast engin farþegaskip hafa komið til landsins eins og áður sagði en tekjur vegna þeirra voru áætlaðar 700 m.kr. brúttó. á árinu 2020. Hefur sú þróun neikvæð áhrif á tekjur af innviðagjaldflokkunum skipagjöldum og farþegagjöldum.

Skipagjöld og hafnarþjónusta skiluðu samanlagt 767 m.kr. í tekjur, sem er um 22% heildartekna, en gert var samanlagt ráð fyrir 1.175 m.kr. og er tekjufallið því 408 m.kr. á milli ára. Meginskýring þess er að nánast engin farþegaskip sem og rannsóknarskip komu til hafnar 2020. Á milli áruna 2019 og 2020 varð mikil minnkun í samanlögðum tonnastærðum skipa sem komu til hafnar eða tæp 50% en skipagjöld reiknast af stærð skipa. Fjöldi skipakoma fækkaði um 21% á milli ára. Á árinu 2020 komu 1.085 skip yfir 100 brt. til hafnar, sem er fækkun um 293 skipakomur.

Þegar heildartekjur af farþegaskipum (skipagjöld, farþegagjöld, hafnarþjónusta og siglingavernd) eru skoðaðar má sjá að þær féllu mikið og standa einungis undir 0,3% af heildartekjum. Á töflunni hér til hliðar má sjá þróunina síðustu þrjú ár sem hlutfall af heildartekjum.

Tekjur af farþegaskipum (m.kr.)	2018	2019	2020
Tekjur af farþegaskipum	447	597	11
Hlutfall af heildartekjum	11,3%	15,1%	0,3%

Eignatekjur og aðrar tekjur

Leigutekjur af lóðum og fasteignum mynda stofn Eignatekna sem eru nánast á pari við áætlun enda eru flestar eignir eru í langtíma útleigu. Lóðagjöld vegna nýúthlutaðra lóða og heimildar til aukins byggingarmagns færast undir Aðrar tekjur. Ekki var gert ráð fyrir þessum tekjum í fjárhagsáætlun og er því jákvæður munur uppá 146 m.kr.

Tekjur flokkaðar eftir hafnasvæðum


Þegar heildarrekstrartekjur eru skoðaðar eftir hafnarsvæðum má sjá að Sundahöfn er sem fyrr tekjuhæsta hafnarsvæðið, en Sundahöfn er megingátt flutninga á vörum til og frá Íslandi.

Skipting rekstrartekna 2020 (m.kr.)	Gamla höfnin	Sundahöfn	Grundartangi	Akranes	Önnur svæði	Alls
Vörugjöld	122	820	222	17		1.180
Aflagjöld	122	35	0	6		163
Skipagjöld	86	143	64	12	1	306
Farþegagjald	6	0	0	0		6
Eignatekjur	368	610	25	4		1.007
Hafnarþjónusta	115	239	63	13	31	461
Siglingavernd	1	166	46	4	0	217
Aðrar tekjur	3		0	0	143	146
Samtals:	822	2.014	420	54	176	3.485

Eignatekjur eru hæstar í Sundahöfn og aflagjöld hæst í Gömlu höfninni, enda meginhlutanum af bolfiski sem berst til hafnarinnar landað þar. Vörugjöld í Gömlu höfninni eru fyrst og fremst vegna eldsneytisinnflutnings á Eyjargarði. Heildarrekstrartekjur Faxaflóahafna sf. verða að stærstum hluta til í Sundahöfn en tekjur af því svæði voru 58% árið 2020.

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2020 voru 3.266 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 3.577 m.kr. Á árinu 2019 voru rekstrargjöld 3.258 m.kr. og hækka um 0,2% á milli ára. Útgjöldin ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sérgreindum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Inn í rekstrargjöld ársins er fært uppgjör vegna kjarasamninga sem gilda frá 1. apríl 2019. Rekstrargjöld eru almennt í samræmi við áætlun. Rekstrarafgangur ársins er lægri en áætlun gerði ráð fyrir sökum lægri tekna af fyrrgreindum ástæðum.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var nánast á áætlun en hafnavirki og eignagjöld voru undir áætlun, enda var dregið úr áætlunum viðhaldsframkvæmdum þegar ljóst var að COVID19 faraldurinn hefði veruleg áhrif á tekjur félagsins. Þá var hafnarþjónustan um 39 m.kr. yfir áætlun. Kostnaður við siglingavernd var 39 m.kr. undir áætlun. Almennt var rekstur undir áætlun eða í samræmi við áætlun, en afskriftir eru svipaðar og í fyrra.



Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2020	Áætlun	Mism.	%	Raun 2019	Mism.	%
Hafnavirki	646	763	-117	-15,3%	677	-31	-4,6%
Eignagjöld	494	553	-59	-10,7%	480	14	2,9%
Hafnarþjónusta	692	653	39	6,0%	655	37	5,6%
Skrifstofu- og stjórnunark.	421	424	-3	-0,7%	407	14	3,4%
Siglingavernd	265	304	-39	-12,8%	298	-33	-11,1%
Afskriftir	748	880	-132	-15,0%	741	7	0,9%
	3.266	3.577	-311	-9%	3.258	8	0,2%

Launakostnaður óx um 10% á milli ára, og skýrist það m.a. af hækkun og eingreiðslu vegna kjarasamninga, veikindum umfram áætlanir, og einskiptiskostnaðar vegna starfsmannabreytinga.

Laun og launatengd gjöld (m.kr.)	2016	2017	2018	2019	2020
Bækistöð	132	131	157	157	189
Húseignir	23	23	27	26	28
Grundart hafnargæsla	34	37	42	44	51
Hafnsaga	136	166	172	187	195
Hafnarþjónusta	322	328	357	427	461
Hafnarstjórn	37	21	20	22	21
Skrifstofa	191	206	210	231	254
Samtals:	876	911	984	1.095	1.200

Þar sem Faxaflóahafnir sf. halda úti sólarhringsvakt í hafnarþjónustu og hafnargæslu á Grundartanga er launakostnaður fyrirtækisins einn meginútgjaldaliður þess. Heildarlaunakostnaður árið 2020 nam 1.200 m.kr. Áætlun gerði ráð fyrir 1.150 m.kr. og er fráviknið um að ræða kostnað við afleysingar og útköll vegna álagstoppa, veikinda og vegna breytinga í starfsmannahaldi.

Stöðugildi	2016	2017	2018	2019	2020
Hafnarþjónusta	31	32	32	32	31
Bækistöð	12	12	12	12	13
Tæknideild	3	4	3	4	4
Skrifstofa	13	12	13	13	14
Húseignir	2	2	2	2	2
Siglingavernd - Umhverfismál	5	5	5	5	5
Samtals:	66	67	67	68	69

Að jafnaði eru ráðnir 15 sumarstarfsmenn í Bækistöð fyrirtækisins, 1 sumarstarfsmaður á skrifstofunni og 4-5 starfsmenn eru ráðnir til afleysingar í hafnarþjónustu yfir sumarmánuðina. Heildarársverk eru metin 79. Töluverð endurnýjun hefur átt sér stað í starfsmannahaldi fyrirtækisins. Yngra fólk hefur leyst af eldri starfsmenn. Meðalaldur starfsmanna hefur lækkað úr tæplega 55 árum í rúm 52 ár.


Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld Gjöld af fjármagnsliðum námu um 13 m.kr. Vaxtatekjur voru lægri en ráð var gert fyrir, en vaxtagjöld voru einnig lægri. Tekjur af óreglulegum liðun nam 185 kr. og komu til vegna hagnaðar á sölu dráttabátsins Jötuns. Hagnaður fyrir fjármunaliði er sem fyrr segir 219 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunaliða og óreglulegra liða 391 m.kr.

Efnahagur


Efnahagur (m.kr.)	31.12.2020	31.12.2019	Breyting	%
Fastafjármunir	14.439	13.191	1.248	9,5%
Veltufjármunir án handb.fjár	437	1.431	-994	-69,5%
Handbært fé	565	1.404	-839	-59,8%
Eignir samtals	15.441	16.026	-585	-3,7%
Eigið fé	14.876	14.917	-41	-0,3%
Langtímaskuldir	0	568	-568	-100,0%
Næsta árs afborganir langt. skulda	0	95	-95	-100,0%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	565	446	119	26,7%
Skuldir samtals	565	1.109	-544	-49,1%
Skuldir og eigið fé samtals	15.441	16.026	-585	-3,7%

Heildareignir námu 15.441 m.kr. og hafa lækkað frá áramótum. Þar af námu fastafjármunir 14.439 m.kr. og veltufjármunir 1.002 m.kr. Heildarskuldir námu 565 m.kr. og langtímaskuldir 0 m.kr. Eina langtímalán Faxaflóahafnar var greitt upp á árinu. Eigið fé nam 14.876 m.kr.

Sjóðstreymi



Veltufé frá rekstri var 897 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.572 m.kr. Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir, sem eru framkvæmdir ársins 2020, voru 1.340 m.kr. en ráðgert var að þeir væru 1.850 m.kr. Stærsta einstaka framkvæmd sem hefur verið frestað er endurnýjun Aðalhafnargarðs á Akranesi. Greiddur var út arður til eigenda sem nam 431,6 m.kr. Handbært fé er 565 m.kr. er talsvert lægra en um síðustu áramót, aðallega vegna uppgreiðslu láns en greiddar afborganir lána námu 683 m.kr., en 2019 var handbært fé kr. 1.404 m.kr.



Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfestingar og skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum						
(í m.kr.)	2016	2017	2018	2019	2020	2020Á
Gamla höfnin	125	461	252	300	560	465
Sundahöfn	1.516	957	995	1.040	409	555
Grundartangi	225	251	188	20	58	110
Akranes	17	45	1	15	6	450
Borgarnes	9	0	0	0	0	0
Annað	44	18	19	835	307	270
Samtals:	1.935	1.731	1.455	2.210	1.340	1.850

Helstu verkefni voru eftirfarandi:


Í Gömlu höfninni í Reykjavík var áfram unnið að framkvæmdum við söluhýsi hafsækkinnar ferðaþjónustu á Ægisgarði sem lokið var við á haustdögum 2020. Gerðir voru göngupallar umhverfis húsin og öll göngusvæði og lýsing endurnýjuð. Einnig voru hluti lagna í götunni endurnýjaðar. Reist var ný dreifistöð á Faxagarði með rými fyrir vaktastöðu með snyrtingu, spennistöð, inntök lagna auk rýmis fyrir búnað vegna landtenginga skipa. Áformun um endurnýjun lagna á Faxagarði var hins vegar frestað. Lýsing á Austurbakka var endurnýjuð í tengslum við aðrar framkvæmdir þar. Lokið var við frumhönnun á nýrri bryggju við sjóminjasafnið en framkvæmd að öðru leyti frestað. Lokið var við endurnýjun á þaki Grandaskála. Verkefnið hefur verið unnið í áföngum. Framkvæmdir við Öldubrjót í Suðurbugt voru kláraðar auk þess sem viðhaldsdýpkun lauk á árinu.

Í Sundahöfn var dýpkað á innsiglingar- og snúningssvæði Sundabakka. Alls voru fjarlægðir um 280.000 m³ af efni sem losað var í fyrrum námusvæði við Engey. Verkið var unnið í desembermánuði og var að fullu lokið fyrir áramót. Einnig var lokið við dýpkun á aðsiglingu og snúningssvæði Vogabakka í Kleppsvík. Farþegaaðstaða á ytri legu Skarfabakka var stækkuð og aðstaðan á syðri legunni endurnýjuð. Lokið var við fyllingu við Laugarnes og gengið frá sjóvörnum við hana. Meginhluti fyllingarefnis og grjót í sjóvarnir komu úr grunni nýs Landspítala. Undirbúningsvinna fyrir framtíðarþróun Sundahafnar fór í gang, þ.á.m. mat á umhverfisáhrifum fyrir þær framkvæmdir. Þróunarvinna vegna landtenginga í Sundahöfn hófst á árinu auk þess sem framkvæmdir vegna nýs innsiglingamerkis fóru af stað.

Á Grundartanga var unnið að ýmsum smærri undirbúningsverkum við þróun og úthlutun lóða en framkvæmdir bíða þess að hreyfing komist á úthlutanir lóða fyrir starfsemi á svæðinu. Einnig var unnið þar að viðhaldi slitlags auk þess sem efra malbikslag var lagt á 2. áfanga Tangabakkans. Keyptir voru nýir fenderbelgir á helming Tangabakka.

Á Akranesi var áfram unnið að undirbúningi að endurnýjun og lengingu fremsta hluta Aðalhafnargarðs. Í framkvæmdinni felst að reka stálþil utan á fremsta hluta Aðalhafnargarðsins og lengja hann um 110 metra þannig að lengd viðlegu við þennan hluta garðsins verður um 220 metrar

Annað: Á árinu 2018 var boðin út smíði á nýjum dráttarbáti fyrir Faxaflóahafnir og miðað við að sá bátur hefði 80 tonna dráttargetu. Báturinn kom til landsins í febrúar 2020. Hann var að stærstum hluta greiddur á árinu 2019. Vandamál komu fljótlega í ljós varðandi rekstur hans og er hann í lagfæringum hjá framleiðanda.



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádrögnum seldum rekstrarfjármunum og lóðasölu.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir árin 2016-2020:

Faxaflóahafnir	2016	2017	2018	2019	2020
Eiginfjárhlutfall	90,6%	89,6%	91,6%	93,1%	96,3%
Arðsemi eigin fjár	5,9%	5,0%	13,0%	6,0%	2,6%
Veltufjárhlutfall	3,57	2,39	4,47	5,24	1,77
Langtímaskuldir/eigið fé	6,1%	5,4%	4,4%	3,8%	0,0%
Uppgreiðslutími	0,6	0,6	0,4	0,4	0,0
Heildarskuldir/rekstrartekjum	39,7%	41,8%	34,3%	26,9%	16,2%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	44,3%	36,0%	45,4%	39,4%	25,7%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	43,1%	35,7%	44,8%	38,9%	27,8%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Hagnaður af reglulegri starfsemi (EBIT) var 219 m.kr sem er 67% verri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Rekstrarniðurstaða Faxaflóahafna sf. ársins 2020 nam 391 m.kr. og er 43% undir áætlun. Einskiptistekjur vegna söluhagnaðar dráttarbáts að fjárhæð 185 m.kr. vega upp á móti lægri tekjum af reglulegri starfsemi.
- Kennitölur félagsins endurspeglar mjög þau áhrif sem Covid-19 hefur haft á reksturinn. Eiginfjárhlutfallið er þó mjög sterkt og hefur félagið getu til að standa af sér mótbyr.
- Veltufjárhlutfall hefur lækkað mikið en er þó vel yfir 1 og hefur því hæfni til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur.
- Langtímalán var greitt upp á árinu.

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Mikilvægt er að móta eigenda- og arðgreiðslustefnu fyrir félagið.

Félagsbústaðir

Ársuppgjör Félagsbústaða er gert samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Félagsbústaðir hf. (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Breyting	%	Raun 2019	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.661	4.732	-71	-1,5%	4.500	161	3,6%
Rekstrargjöld	-2.512	-2.535	23	-0,9%	-2.414	-98	4,1%
EBIT	2.149	2.198	-48	-2,2%	2.086	63	3,0%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-1.082	-1.140	58	-5,1%	-1.292	210	-16,3%
Verðbætur	-1.524	-1.270	-255	20,1%	-1.088	-436	40,1%
Matsbreyting	1.742	886	855	96,5%	4.790	-3.049	-63,6%
Söluhagnaður eigna til eigin nota	157	0	157		0	157	
Rekstrarniðurstaða	1.443	674	768	114,0%	4.497	-3.054	-67,9%

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirkis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Rekstur


Rekstrartekjur Félagsbústaða á árinu 2020 námu 4.661 m.kr. og jukust um 3,6% milli ára en hækkunina má rekja til verðlagsbreytinga og aukningu eigna milli ára. Taka þarf tillit til þess að í tekjum ársins 2019 eru einskiptis tekjur vegna árána 2017 og 2018 þar sem leiguverð á eignum sem velferðarsvið leigir af félaginu var hækkuð afturvirk en þær tekjur námu 123,2 m.kr. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 3,6% á árinu. Stækkun eignasafnsins var mest á síðari hluta ársins eru áhrif stækkunar minni en áætlun gerði ráð fyrir. Stjórn samþykkti viðauka við fjárhagsáætlun í maí og september þar sem tekjur voru lækkaðar. Sú áætlun sem hér er sýnd til samanburðar inniheldur þessa viðauka.

Rekstrargjöld voru 2.512 m.kr. eða 23 m.kr. (0,9%) undir áætlun. **Rekstur fasteigna og Fasteigna og brunabótaiðgjöld** voru undir áætlun um 6 m.kr. og 14 m.kr. á meðan **Viðhald og framkvæmdir** voru 51 m.kr. yfir áætlun. Innan viðhalds- og framkvæmdakostnaðar er standsetningarkostnaður milli leigjenda að hækka mest milli ára eða um 105 m.kr. en tíðir milliflutningar og aukning í úthlutunum er að valda þessum aukna kostnaði. Framkvæmda- og viðhaldskostnaður nemur 22,4% af tekjum er áætlun gerði ráð fyrir 21,0% af tekjum.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er 54 m.kr. undir áætlun en 14 m.kr. hærri en á fyrra ári. **Launakostnaður** hækkar um 9,4% vegna kjarasamningsbundinna hækkana. Fjöldi stöðugilda hélst óbreyttur frá fyrra ári. **Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** er 11 m.kr. undir áætlun en hækkar um 31 m.kr. s.b.v. fyrra ár. Framlag í **afskriftarreikning viðskiptakrafna** lækkar mikið milli ára eða um 45 m.kr. og er jafnframt 36 m.kr. undir áætlun. Lækkun á þessum lið skýrist af lækkun á varúðarniðurfærslu viðskiptakrafna í lok árs 2020 um 25 m.kr. Þessi liður er mjög sveiflukennður og oftast erfitt að spá fyrir um.

Gjöld eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2020	Áætlun	Mism.	%	Raun 2019	Mism.	%
Rekstur og viðhald eignasafns							
Rekstur fasteigna	492	498	-6	-1,3%	450	41	9,2%
Viðhald og framkvæmdir	1.044	993	51	5,1%	1.041	3	0,2%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	513	527	-14	-2,6%	474	40	8,4%
Rekstur og viðhald eignasafns alls	2.049	2018	31	1,5%	1.965	84	4,3%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður							
Laun og launatengd gjöld	324	331	-7	-2,2%	296	28	9,4%
Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður	141	152	-11	-7,4%	110	31	28,5%
Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur	-2	34	-36	-104,6%	43	-45	-103,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	463	517	-54	-10,4%	449	14	3,2%
Rekstrargjöld alls:	2.512	2535	-23	-0,9%	2.414	98	4,1%

Rekstrarhagnaðarhlutfall (EBIT%) er 46,1% eða 0,3% lægra en á fyrra ári þegar það var 46,4%.




Efnahagur og eignasafn

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2020	31.12.2019	Breyting	%
Fastafjármunir	99.390	92.386	7.005	7,6%
Veltufjármunir án handb.fjár	344	290	54	18,6%
Handbært fé	727	1.059	-331	-31,3%
Eignir samtals	100.461	93.734	6.727	7,2%
Eigið fé	48.820	47.230	1.590	3,4%
Skuldbindingar	2.960	1.618	1.342	83,0%
Langtímaskuldir	46.621	42.818	3.803	8,9%
Næsta árs afborganir langt. skulda	1.067	841	225	26,8%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	994	1.227	-233	-19,0%
Skuldir samtals	51.642	46.504	5.138	11,0%
Skuldir og eigið fé samtals	100.461	93.734	6.727	7,2%


Heildareignir félagsins námu 100.461 m.kr. í árslok 2020 en þær jukust um 7,2%. Fjárfestingaeignir jukust um 7,6% eða 6.977 m.kr., fjárfest var fyrir 5.023 m.kr. og matsbreyting nam 1.954 m.kr. Við útreikning matsbreytingar fjárfestingareigna í árslok 2020 var matsbreyting ársins færð niður um samtals 3.084 m.kr. vegna samspils kvaða sem á eignunum hvíla um uppsagnarfrest á bæði tímabundnum og ótímabundnum leigusamningum og svo mismunar á markaðsleigu og þeirrar leigu sem Félagsbústaðir innheimta. Þessu til viðbótar var einnig tekið tillit til sérhæfðra eigna sem mögulega þyrfti að breyta eða gefa afslátt af ef kæmi til sölu á almennum markaði.

Félagsbústaðir festu kaup á 134 nýjum íbúðum á árinu 2020 en það er 17 íbúðum færri en áætlað var. Engin íbúð var seld. Á næstu árum er áætlað að eignasafnið stækki enn frekar eða um 271 íbúðir á næstu tveimur árum. Þá liggja fyrir kaupréttarsamningar um 91 íbúðir sem áætlað er að verði tilbúnar til úthlutunar á árunum 2021 og 2022.



Á árinu 2020 var úthlutað 449 íbúðum, ýmist til nýrra leigjenda eða vegna flutninga í aðrar félagslegar leiguíbúðir.

Tegund húsnæðis	Nýjar úthlutanir	Milli flutningar	Samtals
Almennt félagslegt leiguhúsnæði	187	87	274
Þjónustuíbúðir aldraðra	66	10	76
Húsnæði fyrir fatlað fólk	47	22	69
Húsnæði fyrir heimilislausa	20	2	22
Áfangaheimili	8	0	8
Úthlutanir samtals	328	121	449




Ný langtímalán námu 5.439 m.kr. á árinu en þeirra var afað með útgáfu í félagslega skuldabréfaflokknum FB100366 SB en hann er með einfaldri ábyrgð Reykjavíkurborgar. Félagið fór í tvö skuldabréfaútböð á árinu en það fyrri var í febrúar og voru þá gefin út skuldabréf fyrir 3.441 m.kr. að markaðsvirði á ávöxtunarkröfunni 1.85%. Seinna skuldabréfaútböðið fór fram í ágúst þegar félagið gaf út skuldabréf fyrir 1.998 m.kr. að markaðsvirði á ávöxtunarkröfunni 1,24% sem eru bestu kjör sem félagið hefur fengið í skuldabréfaútböði. Félagsbústaðir er fyrsta og eina fyrirtækið hérlendis sem gefið hefur út félagsleg skuldabréf.


Hluta af andvirði lánanna var varið til þess að endurfjármagna óhagstæðari lán eða 2.001 m.kr. Í kjölfarið á þeirri uppgreiðslu lækkaði HMS vexti á skuldum félagsins við stofnunina um 0,92%, sú vaxtalækkun tók gildi 1.5.2020. Þetta hafði þau áhrif að vaxtagjöld félagsins lækkuðu um 210 m.kr. milli ára og voru 58 m.kr. undir áætlun. Félagið fékk greidd stofnframlög frá ríki og Reykjavíkurborg 1.108 m.kr.

Eigið fé hækkaði um tæplega 1,6 milljarða frá ársbyrjun 2020 sem skýrist af matsbreytingu eigna. Eiginfjárlutfall í lok árs var 48,6% en var 50,4% í lok árs 2019.

Sjóðstreymi



Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár:




Veltufé frá rekstri¹ sem hlutfall af tekjum hefur farið hækkandi frá árinu 2018, sökum lækkun vaxtagjalda. Árið 2020 fór hlutfall veltufé frá rekstri á móti afborgunum langtímalána yfir 1 sem þýðir að veltufé frá rekstri dugar fyrir afborgunum langtímalána félagsins en undanfarin ár hefur það ekki dugað fyrir afborgunum þótt lítið hafi vantað upp á árið 2019. Æskilegt er að þetta hlutfall sé ávallt yfir 1,0.

¹ Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutafélögin. Í ársreikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.

Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:

Á síðustu árum hafa fjárfestingahreyfingar verið töluvert umfram veltufé frá rekstri og hefur bilið verið brúað með stofnframlögum og lántökum.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða fyrir árin 2016-2020 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2016	2017	2018	2019	2020	Markmið
Eiginfjárhlutfall	48,3%	51,8%	50,9%	50,4%	48,6%	
Arðsemi eigin fjár	49,7%	23,1%	5,9%	10,5%	3,1%	
Veltufjárhlutfall	1,72	0,09	0,14	0,65	0,52	
Langtímaskuldir/eigið fé	103,6%	85,0%	90,4%	94,0%	95,5%	
Vaxtaþekja, EBIT/netto vextir	1,47	1,46	1,51	1,62	1,99	1,4
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)	0,96	0,97	0,98	0,99	1,06	0,9
Uppgreiðslutími	68,8	64,7	61,7	53,5	44,0	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af greiddum afborg.	0,90	0,92	0,97	0,99	1,14	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	15,2%	14,5%	15,4%	18,1%	23,2%	

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Jákvæða rekstrarniðurstöðu félagsins á árinu 2020 og aukningu eigin fjár má rekja til hækkunar á metnu virði fasteigna félagsins vegna hækkunar fasteignaverðs. Matsbreytingar fjárfestingaeigna á árinu 2020 námu 2,0 ma.kr. samanborið við 4,8 ma.kr. í fyrra og 2,9 ma.kr. árið 2018.
- Matsbreytingin fyrir árið 2020 er lægri um sem nemur 3.084 m.kr. vegna niðurfærslu eigna. Niðurfærslan kemur til vegna samspils mismunar á markaðsleigu og leigu sem Félagsbústaðir innheimta annars vegar og uppsagnafrests á leigusamningum bæði tímabundnum og ótímabundnum hins vegar. Auk þess var líka tekið tillit til mjög sérhæfðs húsnæðis sem Félagsbústaðir gætu þurft að breyta eða gefa afslátt af ef kæmi til sölu á almennum markaði.
- Við mat á verðmæti eigna félagsins er annars vegar stuðst við fasteignamat íbúða félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2020 og hins vegar er miðað við 6,1% hækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til desember. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgi þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafni félagsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu

grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBIT) sem jókst um 3,0% á milli ára, en tekjur hækkuð um 3,6% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 4,1%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysluverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.


- Rekstrarhagnaður (EBIT) sem hlutfall af rekstrartekjum var 46,1% en áætlun gerði ráð fyrir 46,4%. Frávikið má rekja til þess að rekstrartekjur voru 71 m.kr. (1,5%) undir áætlun á meðan rekstrargjöld voru 23 m.kr. (0,9%) yfir áætlun.
- Helsta skýring á lægri rekstrartekjum er að áætlun um fjölgun eigna gekk ekki eftir og eignir sem komu inn á árinu komu síðla árs meðan áætlun gerði ráð fyrir jafndreifðri aukningu yfir árið.
- Eignaaukning varð mest á síðustu mánuðum ársins sem hefur áhrif bæði á tekjur og gjöld vegna eigna en keyptar voru 134 íbúðir á árinu en áætlað var að kaupa 144 íbúðir. Félagið hefur stækkað mikið á síðustu árum en frá árinu 2014 hefur íbúðaeiningum fjölgað um ríflega 600. Á næstu árum er áætlað að eignasafnið stækki enn frekar eða úr rúmlega 2.900 íbúðaeiningum í tæplega 3.200 árið 2023.
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var um 54 m.kr. (10,4%) undir áætlun. Þar af var launakostnaður 7 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir eða 2,2% undir áætlun. Annar skrifstofukostnaður var um 11 m.kr. (7,4%) undir áætlun. Þá var framlag í afskriftarreikning var neikvætt á árinu 2020 um tæpar 2 m.kr. eða 36 m.kr. lægra en áætlað. Neikvætt framlag í afskriftarreikning skýrist af lækkun á varúðarniðurfærslu viðskiptakrafna um 25 m.kr. eða úr 160 m.kr. í 135 m.kr.
- Vaxtagreiðslur voru umtalsvert undir áætlun eða sem nam 210 m.kr. sem skýrist af því að hagstæð vaxtakjör fengust á ný lán sem að hluta til voru nýtt til endurfjármögnunar á eldri óhagstæðari lánnum. Þessu til viðbótar þá lækkaði HMS þá vexti sem Félagsbústaðir greiða af lánnum þeirra hjá stofnuninni um 0,92%. Alls voru tekin ný lán fyrir 5.439 m.kr. en uppgreiðsla lána nam 2.001 m.kr.
- Veltufé frá rekstri nam 1.083 m.kr. árið 2020 sem er nokkru hærri en afborganir lána 953 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað um 15,5% milli ára vegna aukinnar lántöku og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxtaþekja hækkaði í 1,99 og skuldaþekja hækkaði í 1,06 árið 2020 (1,62 og 0,99 árið 2019) og eru yfir lágmarkum sem félagið hefur sett sér þ.e. 1,4 og 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Lántökur á árinu námu alls 5.439 m.kr. Lánin voru öll tekin með útgáfu félagslegra skuldabréfa í nafni félagsins. Jafnframt fengust 1.108 m.kr. greiddar í stofnframlög frá ríki og borg árið 2020 og þar af var útistandandi krafa 105 m.kr. um áramót vegna stofnframlaga ríkisins.
- Reykjavíkurborg lagði til hlutafjárukningu sem nam 4% af stofnverði keyptra íbúða 2019 eða ríflega 147 m.kr.
- Nokkur óvissa ríkti um hvort hægt væri að fjármagna íbúðir með stofnframlagi með skuldabréfaútgáfu vegna laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir og reglna þar að lútandi. Hefur þeirri óvissu nú verið eytt með því að Reykjavíkurborg veitti ábyrgð á útgáfu félagslegra skuldabréfa.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:

- Mikilvægt er að tryggja sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.
- Mikilvægt er að félagið rýni viðhaldsþörf til næstu fimm ára og geri áfangaskipta viðhaldsáætlun til að tryggja gæði íbúða félagsins.

Orkuveita Reykjavíkur (m.kr.)	Raun 2020	Raun 2019	Breyting	%
Rekstrartekjur	48.627	46.570	2.057	4,4%
Rekstrargjöld án afskrifta	-19.172	-18.398	-774	4,2%
EBITDA	29.454	28.172	1.282	4,6%
EBIT	16.398	16.051	347	2,2%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-10.852	-8.797	-2.055	23,4%
Tekjuskattur	78	-337	415	-123,1%
Afkoma	5.628	6.916	-1.288	-18,6%


Afkoma tímabilsins var jákvæð um 5.628 m.kr. sem er lækkun um 18,6% milli ára eða um 1.288 m.kr. Meginskýring á lækkun afkomu er vegna hækkunar á verðbótum 879 m.kr. og gengismunar 3.670 m.kr. Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða var neikvæð um 1.362 m.kr. á árinu 2019 en er nú jákvæð um 723 m.kr. 2020. Rekstrarhagnaður (EBITDA) hækkar um 1.282 m.kr. milli ára.



Rekstrartekjur hækka um 2.057 m.kr. eða 4,4% milli ára. Tekjuaukning skýrist einkum af auknum tekjum á sölu á heitu vatni, auknum tekjum í sölu raforku bæði í heildsölu og á einstaklingsmarkaði.


Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.)	2020	2019	Mism.	%
Veitur	30.981	28.888	2.093	7,2%
Orkusala og framleiðsla	14.416	14.180	236	1,7%
Önnur starfsemi	3.230	3.502	-272	-7,8%
	48.627	46.570	2.057	4,4%

Tekjur skiptast á þrjá starfspætti: Orkusölu og framleiðslu, Veitur og aðra starfsemi. Framleiðsla raforku, sala hennar og gagnaveita eru samkeppnisrekstur og nema tekjur af henni 30% af heildartekjum samstæðu OR.



Rekstrargjöld án afskrifta hækka um 774 m.kr. milli ára eða 4,2%. Orkukaup hækka um 134 m.kr. Laun og launatengd gjöld hækka um 878 m.kr. sem skýrist af kjarasamningshækkunum og hækkun orlofsskuldbindingar. Annar rekstrarkostnaður lækkar um 238 m.kr. sem skýrist að mestu af lægri viðhaldskostnaði veitukerfa.

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	2020	2019	Mism.	%
Orkukaup og flutningar	5.793	5.659	134	2,4%
Laun og launatengd gjöld	7.750	6.872	878	12,8%
Annar rekstrarkostnaður	5.629	5.867	-238	-4,1%
	19.172	18.398	774	4,2%



Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2020	31.12.2019	Breyting	%
Fastafjármunir	356.110	344.342	11.768	3,4%
Veltufjármunir án handb.fjár, bundinna innl. og markaðsverðbr.	7.367	7.052	315	4,5%
Handbært fé, bundin innl. og markaðsverðbr.	30.687	18.490	12.197	66,0%
Eignir samtals	394.164	369.884	24.280	6,6%
Eigið fé	188.126	182.299	5.827	3,2%
Langtímaskuldir	175.626	162.635	12.991	8,0%
Næsta árs afborganir langt. skulda	19.350	15.064	4.286	28,5%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	11.062	9.886	1.176	11,9%
Skuldir samtals	206.038	187.585	18.453	9,8%
Skuldir og eigið fé samtals	394.164	369.884	24.280	6,6%

Heildareignir félagsins eru 394 ma.kr. í lok árs 2020 og hafa hækkað um 24,3 ma.kr á árinu. Fjárfest var fyrir 16,7 ma.kr. í rekstrarfjármunum. Afskrift rekstrarfjármuna nam 13,0 ma.kr. Leigugæðir um áramót nema 2,6 ma.kr., á móti er færð leiguskuld, samtals 2,5 ma.kr.

Veltufjármunir nema samtals 38,0 ma.kr. og hækka um 12,5 ma.kr. frá áramótum.

Virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga hækkar sem nemur 323 m.kr. sem einkum má rekja til örlíttillar hækkunar á framvirkum álverðum. Uppgjör og gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga námu alls 594 m.kr. en þar á meðal eru álvarnarsamningar. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga er gengi, vextir, áhættuálag og tími.

Heildarskuldir félagsins eru 206,0 ma.kr. í lok árs 2020 og hafa hækkað um 18,5 ma.kr. Langtímaskuldir félagsins hafa hækkað um 13,0 ma.kr., þar af nemur leiguskuld 2,5 ma.kr. Megin skýring hækkunar er áhrif gengis og verðbólgu en eignir hækka einnig vegna áhrifa gengis. Gefin voru út skuldabréf að fjárhæð 24,6 ma.kr. í átta skuldabréfaútböðum á árinu (sjá umfjöllun í kafla um Lánshæfismat), og nam lántaka Gagnaveitu Reykjavíkur 1,4 ma.kr. Heildarafborganir lána námu 22,2 ma.kr. Gengi krónunnar veiktist á árinu, gengisvísitala í lok árs 2019 var 179,7 en 200,4 í lok árs 2020.


Nettóskuldir eru 141,7 ma.kr. í lok árs 2020 sem er 5,4 ma.kr. hækkun síðan í lok árs 2019, vegna hærri verðbóta og gengishækkunar.

	2020	2019
Hreyfingar með greiðsluáhrifa		
Vaxtaberandi skuldir 1/1	154.019	151.284
Ný lántaka	29.965	16.967
Afborganir	22.225	19.145
Hreyfingar á greiðsluáhrifa		
Gengismunur	7.236	2.956
Verðbætur	2.706	1.957
Vaxtaberandi skuldir 31/12	171.701	154.019

Langtímaskuldir (í m.kr.)	2020	2019	Breyting	%
Langtímaskuldir í innlendri mynt	100.913	84.483	16.430	19,4%
Langtímaskuldir í erlendri mynt	70.788	69.536	1.252	1,8%
	171.701	154.019	17.682	11,5%

Sjóðstreymi Sjóðstreymisýfirlit gefur glögga mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé á tímabilinu. Myndin hér fyrir neðan sýnir breytinguna með súluriti þar sem grænar súlur sýna fjárstreymi inn í sjóð og rauðar súlur sýna fjárstreymi úr sjóði. Bláa súlan lengst til vinstri sýnir handbært fé í upphafi árs 2020 og sú sem er lengst til hægri í lok árs 2020.

Bundnar innstæður og markaðsverðbréf þann 31. desember 2020 voru 14,9 ma.kr. og eru ekki taldar með handbæru fé í lok tímabils í grafinu hér að neðan.



Eignabreytingar 2020

Fjárfesting **Veitna** nam 9,9 ma.kr. á tímabilinu. Hjá hitaveitunni voru helstu fjárfestingar vegna stofnæðarinnar Árbæjaræðar, heimlögnum, djúpdæla í Bolholti, djúpdælur í háhitaholu í Hveragerði, A4-A5 endurnýjun veitukerfa Reykjanesbraut – Rafstöðvarvegur og endurnýjun búnaðar í dælustöð á Reynisvatnsheiði. Í vatnsveitunni voru helstu fjárfestingar í heimæðum, A4-A5 endurnýjun Veitukerfa Reykjanesbraut – Rafstöðvarvegur og lýsingartæki í Heiðmörk. Hjá fráveitunni voru helstu fjárfestingar fóðrun fráveitulagna, Skólþælustöð í Naustavogi og endurnýjun Pósthússtræti-Naustin. Í rafmagnsdreifingu voru helstu fjárfestingar í heimtaugum og mælum og A4-A5 þar sem var verið að endurnýja.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 3,8 ma.kr. Helstu verkefni Orku náttúrunnar voru borun vinnsluhola á Helliðsheiði og Nesjavöllum. Einnig var lokið við niðurrennslisholu á Helliðsheiði, aukið guflæði frá Hverahlíð og stækkun varmastöðvar í Helliðsheiðarvirkjun ásamt öðrum endurnýjunarverkefnum. Á Nesjavöllum voru einnig endurbætur á áspéttibúnaði sem og endurnýjun á gangráði, spennustilli, samfösunar- og titringsbúnaði við vélar 1 og 2 meðal helstu verkefna.

Önnur fjárfesting nam 3,2 ma.kr. Helstu fjárfestingar eru í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis og í upplýsingakerfum.

Lánshæfismat

OR er með lánshæfismat hjá þremur matsfyrirtækjum, erlendu matsfyrirtækjunum Moody's og Fitch Ratings og íslenska matsfyrirtækinu Reitun.

Lánshæfiseinkunn OR hjá matsfyrirtækinu Reitun er i.AA3 jákvæðar horfur.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings staðfesti lánshæfiseinkunn OR sem BB+ og stöðugar horfur í apríl 2019. OR er nú **einu þrepi** frá fjárfestingaflokki hjá Fitch.

Matsfyrirtækið Moody's hækkaði lánshæfiseinkunn OR úr Ba2 jákvæðar horfur í Ba1 stöðugar horfur í mars 2018. OR er nú **einu þrepi** frá fjárfestingarflokki hjá Moody's.

Stjórnendur OR hafa sett sér það markmið að komast í fjárfestingaflokk hjá erlendu matsfyrirtæki á næstu árum. Fyrirtæki í fjárfestingaflokki hafa betra aðgengi að fjármagni og áhættuvörnum og á betri kjörum.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** OR fyrir árin 2016-2020:


Orkuveita Reykjavíkur	2016	2017	2018	2019	2020	Arðgreiðsluskilyrði
Eiginfjárlutfall	40,4%	46,1%	47,3%	49,3%	47,7%	≥ 40%
Arðsemi eigin fjár	11,3%	12,1%	3,9%	4,0%	3,0%	
Veltufjárlutfall	0,8	1,0	1,0	1,0	1,3	≥ 1
Vaxtaþekja	5,1	5,0	4,0	4,2	4,0	≥ 3,5
ROCE	5,2%	5,8%	5,5%	4,5%	4,3%	
Nettó skuldir/handbært fé frá rekstri	6,0	6,2	6,4	6,0	6,1	
Handbært fé frá rekstri/Nettó skuldir	16,7%	16,0%	15,7%	16,8%	16,3%	≥ 13%
RCF/nettó skuldir	16,7%	15,4%	14,8%	15,7%	14,2%	≥ 11%

Fyrirtækið er eins og áður viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til umtalsvert betri stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.

Fyrirtækið hefur verið virkt á skuldabréfamarkaðinum síðan 2016 þegar stofnaður var útgáfurammi fyrir skuldabréf og víxla. Í lok árs 2018 fór OR af stað með undirbúning á grænum skuldabréfaramma, vottunaraðilinn CICERO gaf rammanum og umgjörðinni dökkgrænan stimpil. Græn skuldabréf eru skuldabréf sem notuð eru til að fjármagna umhverfisvæn fjárfestingaverkefni. Þrýstingur hefur verið á fjárfesta að beina fjármagni á þann veg að hægt sé að ná langtímamarkmiðum á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Gefið var jafnt og þétt út á árinu 2020 í þremur grænum skuldabréfaflokkum. Aukið var í tveimur flokkum OR180255GB og OR020934GB í 7 útboðum á árinu. Nýr óverðtryggður skuldabréfaflokkur var stofnaður á árinu OR231023GB og voru gefin út skuldabréf í þeim flokk í október 2020. Samtals voru gefin út græn skuldabréf fyrir 24,9 ma.kr á árinu 2020.


Á árinu hefur álverð sveiflast á milli 1.462-2.064 USD/tonn. Frá áramótum fram að byrjun mars hefur álverð hækkað um 10%. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna raforkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, uppgjör áhættuvarnarsamninga og gangvirðismat þeirra. Virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga hækkaði sem nemur 723 m.kr. á tímabilinu. Uppgjör og gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga námu alls -593 m.kr. en þar á meðal eru álvornarsamningar. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga eru gengi, vextir, áhættuálag og tími.

Varnarhlutfall vaxta




Hækkun vaxta felur í sér áhættu í rekstri og efnahagi OR. Á undanförunum árum hefur OR fest vexti með nýrri lántöku á föstum vöxtum og með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Myndin sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem ber fasta vexti.

Álvarnarhlutföll



Gerðir eru áhættuvarnarsamningar til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækkun álverðs. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá varnarhlutföll álverðstengdra tekna, (staða 3. mars 2021).

Gjaldeyrisflæði ma.kr.



Gjaldeyrisáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá ON Power ohf., en raforkusala þess félags er í bandaríkjadöllum og evrum. Framvirkir samningar eru gerðir til að draga úr áhættu af óhagstæðri gengisþróun, með því eru mörk sett á hugsanlegt misvægi í rekstri og efnahag. Myndin hér fyrir ofan sýnir áætlað gjaldeyristreymi, stuðst er við dagsloka gengi Seðlabanka Íslands 31.12.2020. Mikið inn- og útflæði gjaldeyris 2021 - 2022 skýrist af áhrifum áhættuvarnarsamninga.

Neðangreind tafla sýnir upphæðir tekna, kostnaðar og afborganir lána í erlendri mynt.

Nettó útsreymi fjárfest. í erl.	2020	2019	Mism.	%
Tekjur í erlendri mynt	7.273	6.963	310	4.5%
Kostnaður í erlendri mynt	1.392	1.303	89	6.8%
Afborganir í erlendri mynt	10.068	13.652	-3.584	-26.3%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar á milli ára um 1.282 m.kr. eða um 4,6%. Hækkunina má að mestu rekja til þess að rekstrartekjur hækkuðu um 2.057 m.kr. vegna aukningar á hitavatnssölu og einnig vegna lækkunar á rekstrargjöldum um 1.709 m.kr.
- Rekstarniðurstaða lækkar á milli árunna 2019 og 2020 um rúmar 1.288 m.kr. eða um 18,6%. Meginskýring á lækkuninni er vegna neikvæðs gengismunar og verðbóta á árinu 2020.
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 10.852 m.kr sem er aukning um 23,4% frá árinu 2019.
- Eignir OR jukust um 24,3 ma.kr. á árinu eða um 6,6%. Vaxtaberandi skuldir hækkuðu úr 154 ma.kr í 171,7 ma.kr. eða um 11,5%. Hækkun skulda má að rekja til neikvæðra áhrifa gengis og verðlags (9,9 ma.kr.) og til þess að ný lántaka var umfram afborganir (7,7 ma.kr.). Eiginfjárlutfall OR lækkaði á árinu úr 49,3% í 47,7%.
- Lausafjárstaða eykst á milli ára sem nemur 12,2 ma.kr.. Handbært fé frá rekstri er um 23,2 ma.kr. og hækkar frá fyrra ári sem nemur 288 m.kr. Góð staða handbærs fjár frá rekstri gerir OR kleift að standa undir svo háum afborgunum.
- Veltufjárlutfallið er 1,3 sem er yfir markmiði (1,0). Aðrar kennitölur fyrirtækisins eru yfir markmiðum arðgreiðsluskilyrða.
- Gjaldeyrissáhetta OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá ON Power. Frá og með árinu 2023 til 2026 er sjóðstreymi í erlendum gjaldeyri neikvætt. Nemur uppsafnað nettó útflæði gjaldeyris yfir tímabilið 2021-2026 rúmunum 14,6 ma.kr en samkvæmt upplýsingum frá OR hefur verið gengið frá láni í USD sem dregið verður á eftir þörfum næstu ár.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:


- Framlegð fyrirtækisins (EBITDA / rekstrartekjur) er um 60,6% eða nánast á pari við fyrra ár. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 80 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 74,5 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir fyrirtækisins til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðsluflæði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði. Um leið getur verið ástæða til að skerpa á áskilnaði eigendastefnu um að framkvæmdir séu almennt fjármagnaðar í sama gjaldmiði og tekjur sem af þeim hljóttast.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Breyting	%	Raun 2019	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.233	3.278	-45	-1,4%	3.121	112	3,6%
Rekstrargjöld	-3.431	-3.262	-169	5,2%	-2.998	-433	14,4%
EBITDA	-50	143	-193	-134,9%	214	-264	-123,4%
EBIT	-198	16	-214	-1305,4%	123	-320	-261,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-12	-14	2	-13,4%	7	-19	-272,6%
Rekstrarniðurstaða	-210	3	-212	-7653,1%	129	-339	-262,1%

Rekstrarniðurstaða: Niðurstaða ársins er neikvæð um 210 m.kr. sem er verri afkoma en áætlað var, en upphaflega var gert ráð fyrir um 3 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Niðurstaða ársins er hins vegar í takt við útkomuspá, sem sett var fram með 9 mánaða uppgjöri 2020, þar sem gert var ráð fyrir að niðurstaða ársins yrði neikvæð um 211 m.kr.

Helstu ástæður fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu eru hærra launakostnaður og víðtæk áhrif Covid-19 faraldursins á rekstur slökkviliðsins. Jafnframt er rétt að nefna að í lok árs barst SHS krafa frá Brú lífeyrissjóði upp á 70,7 m.kr., sem er gjaldfærð meðal lífeyrissgjalda 2020, vegna sjóðfélaga sem nýtt höfðu rétt sinn til að hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldurinn á grundvelli 95 ára reglu á árunum 2014 til 2019.



Nýr kjarasamningur LSS frá því í maí 2020 felur í sér um 11,7% hækkun launa en í forsendum samþykkrar fjárhagsáætlunar 2020 var gert ráð fyrir 5,5% hækkun vegna nýrra kjarasamninga.

Líkt og gert hefur verið grein fyrir í öðrum minnisblöðum sem tengjast uppgjörum SHS 2020 og fjárhagsáætlun SHS fyrir 2021 er rétt að ítreka að í samningi slökkviliðsins við Sjúkratryggingar Íslands er ákvæði um að ef upp koma alvarlegar/sérstakar aðstæður sem samkvæmt eðli málsins falla ekki undir kröfúlýsinguna í samningnum og leiða til verulegra útgjalda slökkviliðsins, er gert ráð fyrir að aðilar semji um þann viðbótarkostnað.

Sjúkratryggingum hefur verið send ítarleg greinargerð og krafa uppá 122 m.kr. endurgreiðslu fyrir hluta af þeim viðbótarkostnaði sem SHS hefur orðið fyrir vegna aðgerða sem farið hefur verið í til að tryggja órofna og örugga sjúkraflutninga við krefjandi aðstæður vegna Covid-19 faraldursins. Sjúkratryggingar hafa enn ekki tekið afstöðu til kröfunnar en von er á niðurstöðu/viðbrögðum frá þeim á næstu vikum.

Rekstrartekjur:

Tekjur (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Breyting	%	Raun 2019	Mísm.	%
Framlag eigenda til rekstrar	1.605	1.605	0	0,0%	1.532	73	4,8%
Framlag eigenda í fjárfestingasjóð	95	95	0	0,0%	95	0	0,1%
Framlag eigenda til almannavarnanefndar	19	19	0	0,1%	18	1	5,1%
Tekjur vegna sjúkraflutninga	1.314	1.345	-31	-2,3%	1.247	67	5,4%
Húsaleigutekjur SHS fasteigna	113	118	-5	-4,6%	117	-5	-3,9%
Aðrar sértekjur	87	96	-9	-9,7%	111	-24	-21,8%
	3.233	3.279	-45	-1,4%	3.121	112	3,6%

Heildartekjur 2020 eru um 45 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í áætlun ársins, þar vegur þyngst að tekjur af sjúkraflutningum eru 31 m.kr. undir áætlun sem rekja má til Covid-19 faraldursins. Jafnframt eru aðrar sértekjur og húsaleigutekjur 14 m.kr. undir áætlun, sem kemur m.a. til vegna færri verkefna í tengslum við sértæka viðburði, t.a.m. tónleika og íþróttaviðburði.

Sjúkraflutningar í tengslum við Covid-19 eru mun flóknari og kalla á meiri viðbúnað en hefðbundnir flutningar, þ.e. oftar en venjulega þarf fleiri en einn sjúkrabíl í hvert útkall. Covid-19 faraldur hefur því leitt til þess að hlutfall greiddra boðana hefur minnkað og er núna um 83% en hefur að jafnaði verið um 85%, sem skýrir lægri tekjur af sjúkraflutningum á tímabilinu en áætlað var.



Rekstrargjöld:

Gjöld (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Mism.	%	Raun 2019	Mism.	%
Launakostnaður	2.797	2.627	170	6,5%	2.439	358	14,7%
Annar rekstrarkostnaður	510	508	2	0,4%	468	42	9,0%
Afskriftir	124	127	-3	-2,1%	92	32	35,5%
	3.431	3.262	169	5,2%	2.998	433	14,4%

Heildarrekstrarkostnaður 2020 er um 169 m.kr. (5,2%) hærri en áætlun ársins gerði ráð fyrir.

Launakostnaður 2020 er um 2.797 m.kr. eða 170 m.kr. (6,5%) hærri en áætlað var 2020. Meginástæðu fyrir hærri launakostnaði má rekja til þess að nýr kjarasamningur LSS, sem undirritaður var í maí, felur í sér meiri hækkun launa en gert var ráð fyrir, þar með talið er eingreiðsla vegna 2019 og krafa frá Brú lífeyrissjóði vegna sjóðsfélaga sem nýttu sér rétt sinn til að fara á lífeyri á grundvelli 95 ára reglu fyrir 65 ára aldurinn á árunum 2014-2019, svokölluð snemmtaka lífeyris. Meðaltalshækkun í kjarasamningi LSS er 11,7% en gert var ráð fyrir 5,5% hækkun í fjárhagsáætlun 2020.

Heildarlaunakostnaður 2020 að frádreginni 25 m.kr. eingreiðslu vegna 2019 og 70,7 m.kr. gjaldfærslu vegna afturvirkar kröfu Brú lífeyrissjóðs (snemmtöku lífeyris á árunum 2014-2019) er um 2.701 m.kr., sem er um 262 m.kr. (10,8%) hærri en 2019.

Annar rekstrarkostnaður tímabilsins er í takt við áætlun ársins.




Efnahagur:


Efnahagur (m.kr.)	31.12.2020	31.12.2019	Breyting	%
Fasta fjármunir	2.352	2.420	-68	-2,9%
Veltufjármunir án handb.fjár	138	206	-68	-49,0%
Handbært fé	233	281	-47	-20,4%
Eignir samtals	2.723	2.906	-184	-6,7%
Eigið fé	2.032	2.242	-210	-10,3%
Langtímaskuldir	204	209	-6	-2,8%
Næsta árs afborganir langt. skulda	13	12	1	5,8%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	474	443	31	6,6%
Skuldir samtals	691	664	26	3,8%
Skuldir og eigið fé samtals	2.723	2.906	-184	-6,7%

Eiginfjárlutfall SHS í lok árs 2020 er um 75%, en var um 77% árið 2019, neikvæð rekstrarniðurstaða ársins skýrir lækkunina. Eina langtímaskuld samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var vegna byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.


Stjórn SHS hefur samþykkt að slökkvistöðin við Tunguháls verði seld og fundin hentugri staðsetning fyrir nýja slökkvistöð. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvar ný slökkvistöð verður staðsett, en vonir standa til að það verði gert á þessu ári og byggingaframkvæmdir geti mögulega hafist á næsta ári. Ekki er búið að ákveða hvort þær framkvæmdir verði fjármagnaðar með lántökum eða framlagi frá eigendum, þ.e. aðildarsveitarfélögum SHS.



Sjóðstreymi:



Handbært fé í árslok er um 233 m.kr. og hefur lækkað um 48 m.kr. á tímabilinu. Fjárfestingar ársins eru samtals upp á um 62 m.kr., þar veга þyngst fjárfestingar í endurnýjun á húsnæðinu í Skógarhlíð og endurnýjun á tölvubúnaði í tengslum við heimavinnu starfsmanna vegna Covid-19.




Fjöldi útkalla:

Fjöldi útkalla vegna sjúkraflutninga hefur aukist jafnt og þétt eða samtals um 7,0% frá 2016 sem er í takt við fjölgun íbúa á svæðinu en þeim fjölgaði um 7,6% á tímabilinu skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Á síðasta ársfjórðungi 2020 fjölgaði útköllum um 15% miðað við sama tímabil 2019. Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun sjúkraflutninga á næstu árum, þar sem þættir eins og íbúafjölgun og aldur landsmanna styðja þá tilgátu. Fjöldi útkalla hjá slökkviliðinu sveiflast meira milli ára og eru ástæður þess m.a. mismargir sinueldar og óveðursútköll milli ára.

Samningur SHS við Sjúkratryggingar Íslands sem undirritaður var í október 2014 er laus. Samningurinn var til sex ára eða til ársloka 2020. Í júlí 2020 var samningurinn framlengdur um sex mánuði eða til og með 30 júní 2021. Viðræður um nýjan samning standa nú yfir.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar fyrir árin 2016-2020:

SHS - samstæða	2016	2017	2018	2019	2020
Eiginfjárlutfall	68,7%	74,4%	76,7%	77,1%	74,6%
Arðsemi eigin fjár	3,0%	19,8%	4,2%	6,1%	-9,4%
Veltufjárlutfall	0,91	1,33	1,59	1,07	0,76
Langtímaskuldir/eigið fé	13,4%	10,9%	10,2%	9,3%	10,0%
Uppgreiðslutími	1,3	0,6	1,3	1,0	n/a
Heildarskuldir/rekstrartekjum	30%	25%	22%	21%	21%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	7%	15%	6%	7%	-2%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	7%	5%	5%	7%	-2%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:


- Rekstrarniðurstaðan er 212 m.kr. verri en áætlun gerði ráð fyrir. Skýrist það af mestu leyti af hærri launakostnaði, minni sértekjum og dýrari útköllum. Covid-19 hefur mikil áhrif á rekstur SHS.
- Launakostnaður milli ára hækkar um 15% og kjarasamningar reyndust mun kostnaðar meiri en áætlun gerði ráð fyrir.
- Veltufjárlutfallið er 0,76 en æskilegt hlutfall er 1.
- Eiginfjárlutfall er sterkt en aðrar kennitölur sína að árið 2020 hefur verið mjög erfitt rekstrarlega séð.
- Óskað hefur verið eftir aukagreiðslum frá Sjúkratryggingum uppá 122 m.kr. til að mæta auknum kostnaði vegna aðgerða sem farið hefur verið í til að tryggja órofna og örugga sjúkraflutninga við krefjandi aðstæður vegna Covid-19 faraldursins.
- Í töflunni hér að ofan um kennitölur SHS ber að skoða kennitölur um arðsemi eigin fjár, uppgreiðslutíma, veltufé frá rekstri og framlegð í hlutfalli af rekstrartekjum með það í huga að á árinu 2017 voru óreglulegar tekjur félagsins (einskiptis tekjur) 263 m.kr.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Veltufé frá rekstri lækkar mikið á milli ára og er neikvætt 2020. Það hefur áhrif á getu slökkviliðsins til að standa undir afborgunum lána og annarra skuldbindinga næstu 12 mánuði.

SORPA bs.

SORPA bs. (m.kr.)	Raun 2020	E. áætlun 2020	Breyting	%	Raun 2019	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.808	3.680	128	3,5%	3.848	-40	-1,1%
Rekstrargjöld	-3.810	-3.823	13	-0,4%	-3.698	-112	3,0%
EBITDA	306	208	99	47,5%	373	-66	-17,8%
EBIT	-2	-143	141	-98,5%	150	-152	-101,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-142	-200	58	-29%	-54	-88	163,4%
Rekstrarniðurstaða	-144	-344	200	-58,1%	96	-240	-249,7%



Rekstrarniðurstaða Samlagið fór í gegnum skipulagsbreytingar á fyrri hluta árs 2020 og var rekstraráætlun félagsins endurskoðuð samhlíða. Gert er ráð fyrir að búið verði að rétta af rekstur samlagsins árið 2021 með þeim aðgerðum sem ráðist hefur verið í. Tap var á rekstri samlagsins fyrir árið 2020 um 144 m.kr. sem er 200 m.kr. betri afkoma en endurskoðuð rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Helstu frávik eru vegna aukinna tekna frá endurskoðaðri rekstraráætlun, vegna lægri fjármagnskostnaðar á árinu ásamt því að afskriftir fastafjármuna eru lægri. Magn úrgangs hefur farið lækandi frá árinu 2018 og nú á milli rekstrarársins 2020 og 2019 er um 6,5% magnmínkun í Álfsnesi. Þessi magnmínkun veldur verulegum samdrætti í rekstrartekjum samlagsins.

Þess ber að geta að rekstur SORPU bs. fylgir hagsveiflu í landinu og nú þegar að samdráttur er í efnhagslífinu snertir það strax afkomu samlagsins. Einnig hefur verið á endurvinnsluæfnum lækkað mikið á milli ára en það fylgir alla jafna heimsmarkaðsverði og samningum SORPU bs. við birgja. Á sama tíma og tekjur fara minnkandi, verð á afurðum lækkar og rekstrarafkoma versnar, var samlagið að ljúka stærsta fjárfestingaverkefni þess frá stofnun sem er bygging gas- og jarðgerðarstöðvarinnar GAJA ásamt stækkun á móttökustöðinni í Gufunesi og fjárfestingu í viðbótartækjabúnaði. GAJA og viðbótar tækjabúnaður í Móttöku og flokkunarstöð voru tekin í notkun í ágúst 2020.

Fjárfestingaverkefni fóru fram úr áætlun og til að tryggja framgang þeirra greiddu eigendur 500 m.kr. í stofnframlög til samlagsins 2020. Nú vinnur samlagið að enn frekari aðgerðum til að tryggja betur rekstrargrundvöll þess og tók m.a. ný gjaldskrá gildi 1.1.2021 sem liður í þeim aðgerðum. Miklar breytingar eru í rekstri samlagsins um þessar mundir er snúa að breyttum vinnsluferlum innan þess, en samlagið hættir að urða lífrænan úrgang í Álfsnesi og fer lífrænn úrgangur nú í vinnslu í GAJA, þar sem að molta og metangas er framleitt. Enn sem komið er er lítil reynsla komin á rekstur gas- og jarðgerðastöðina GAJU og mun næsta rekstrarár gefa samlaginu betri mynd af því hver niðurstaðan verður ásamt því að ferlar verði komnir í gott horf. Árið 2022 mun samlagið hefja útflutning á brennanlegum úrgangi og fyrir lok árs 2023 hætta að urða úrgang á urðunarstaðnum í Álfsnesi. Ljóst er að útflutningur á úrgangi er mun kostnaðarsamari leið í meðferð úrgangs en að urða og mun sú breyting hafa töluverð áhrif á breytingu á gjaldskrá samlagsins á næstu árum. Samlagið hefur unnið markvisst að markaðspróun metans og ljóst að veruleg eftirspurn er eftir afurðinni í iðnað og stórflutninga.

Magntölur						% breyting
	2016	2017	2018	2019	2020	2019-2020
Endurvinnslustöðvar	45.149	50.600	55.114	52.826	59.262	12,2%
Móttökustöð	95.712	108.430	107.523	93.125	93.569	0,5%
Álfsnes	175.654	199.126	226.890	190.039	177.161	-6,8%

Heimsóknir						% breyting
	2016	2017	2018	2019	2020	2019-2020
Endurvinnslustöðvar	851.840	910.736	908.848	888.634	983.510	10,7%
Móttökustöð	42.248	46.185	48.890	46.495	47.173	1,5%
Álfsnes	12.219	14.161	15.905	14.535	14.380	-1,1%


Magn og umferð á endurvinnslustöðvunum hefur aukist verulega síðustu ár. Magn um endurvinnslustöðvarnar árið 2020 nam um 59.000 tonnum en til samanburðar var allur heimilísúrgangur sem safnað var af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu um 46.000 tonn sem er minnkun um 2,4% á milli ára. Endurvinnslustöðvarnar eru misjafnlega í sveit settar er varðar aukið umfang. Stöðin á Dalvegi annar vart núverandi umferð og er aðstaðan orðin bæði starfsfólki og viðskiptavinum hættuleg. Stöðin á Jafnaseli er komin að

þolmörkum. Íbúðabyggð hefur sífellt færst nær stöðinni á Ánanaustum og umkvartanir vegna hávaða aukist. Breyting á skipulagi og uppbyggingu Ártúnshöfðans má búast við því að flytja þurfi stöðina á Sævarhöfða innan næstu tveggja ára. Stöðin í Mosfellsbæ annar umferð nokkuð vel í dag og sama á við um stöðina á Breiðhelli í Hafnarfirði sem annar sínu. Samantekt á magntölum og heimsóknarfjölda í móttökustöð Gufunesi, urðunarstað í Álfsnesi og á endurvinnslustöðvarnar má sjá í töflunum hér að ofan.

Árið 2021-2022 mun urðun í Álfsnesi fara hratt minnkandi og hætta að fullu 2023. Ekki er á þessari stundu ljóst hvað tekur við eftir að hætt verður að urða í Álfsnesi 2023. Brýnt er að finna lausn á förgunarmálum höfuðborgarsvæðisins og að aðgengi verði tryggt að urðunarstaði.


Rekstrartekjur Tekjur samlagsins eru tilgreindar í töflunni hér fyrir neðan.

Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2020	eÁætlun	Mism.	%	Raun 2019	Mism.	%
Móttökugjöld	2.620	2.536	84	3,3%	2.814	-195	-6,9%
Endurvinnsluafurðir	627	627	0	0,0%	536	91	17,0%
Endurvinnslustöðvar	1.532	1.454	79	5,4%	1.286	246	19,2%
Grenndargámar	78	60	18	29,2%	65	13	19,8%
Útseld þjónusta /aðrar tekjur	73	7	66	943,9%	80	-6	-8,1%
Nytjamaður	286	335	-49	-14,5%	325	-39	-11,9%
Vinna milli deilda - eigin not	-1.408	-1.338	-70	5,2%	-1.257	-151	12,0%
	3.808	3.680	128	3,5%	3.848	-40	-1,1%



Rekstrargjöld voru 214 m.kr. undir áætlun eða 5,3%. Helsta breytingin frá áætlun er vegna minnkandi magns í Álfsnesi en móttöku- og urðunarkostnaður er magntengdur. Rekstur endurvinnslustöðva gekk ágætlega á árinu og reyndust tekjur umfram gjöld 87,4 m.kr. Mismunurinn liggur að mestu í tveim útgjaldaliðum, launum og ráðstöfun úrgangs. Hækkun á launakostnaði endurvinnslustöðva stafar aðallega vegna nýrra kjarasamninga við Eflingu sem voru undirritaðir 2020 og leiðréttir afturvirkir frá þeim tíma sem samningar voru lausir. Magnaukning inn á endurvinnslustöðvarnar á milli ára var um 12,2% en ljóst er að Covid-19 faraldurinn hefur haft þau áhrif að íbúar hafa farið í heimatiltektir og endurnýjun heimavið sem orsakar magnaukninguna og þar með aukin móttökugjöld endurvinnslustöðva. Rekstur endurvinnslustöðva er gerður upp á núlli sem þýðir að ef tekjur ársins eru umfram rekstrargjöld er sveitarfélögum endurgreiddur rekstrarafgangur ársins og ef gjöld eru umfram tekjur að þá eru sveitarfélögin rúkuð um það sem upp á vantar.


Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2020	Áætlun	Mism.	%	Raun 2019	Mism.	%
Yfirstjórn / sameiginlegt	272	472	-200	-42,4%	191	81	42,2%
Próunar-, tækni-, og fræðsludeild	149	149	0	0,0%	150	-1	-0,5%
Móttöku- og urðunarkostnaður	2.897	2.888	9	0,3%	2.934	-38	-1,3%
Rekstur endurvinnslustöðva	1.532	1.454	79	5,4%	1.286	246	19,2%
Grendargámar	78	60	18	29,2%	65	13	19,8%
Nytjamaður	286	335	-49	-14,5%	325	-39	-11,9%
Rekstur útleigs húsnæðis	4	4	0	-11,3%	3	0	8,3%
Vinna milli deilda - eigin not	-1.408	-1.338	-70	5,2%	-1.257	-151	12,0%
	3.810	4.024	-214	-5,3%	3.698	112	3,0%




Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2020	31.12.2019	Breyting	%
Fastafjármunir	7.890	6.840	1.050	15,3%
Veltufjármunir án handb.fjár	585	602	-17	-2,9%
Handbært fé	87	442	-354	-80,2%
Eignir samtals	8.562	7.884	678	8,6%
Eigið fé	4.165	3.810	356	9,3%
Skuldbindingar	430	390	40	10,3%
Langtímaskuldir	2.398	2.572	-174	-6,8%
Næsta árs afborganir langt. skulda	229	264	-35	-13,1%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.340	848	491	57,9%
Skuldir samtals	4.397	4.074	323	7,9%
Skuldir og eigið fé samtals	8.562	7.884	679	8,6%


Sjóðstreymi



Veltufé



Fjárfestingar



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum.

Eignabreytingar 2020

Í móttökustöðinni í Gufunesi lauk stækkun móttökustöðvar í upphafi árs 2020 ásamt því að nýr tækjabúnaður var tekinn í notkun í ágúst 2020. Tækjabúnaðurinn vinnur lífrænan úrgang fyrir gas- og jarðgerðarstöð (GAJA).

Á urðunarstaðnum í Álfsnesi hefur gas- og jarðgerðarstöð (GAJA) verið í byggingu frá árinu 2018 og lauk verkefninu á árinu 2020. Starfsemi GAJA hófst í ágúst 2020.

Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SORPU bs. fyrir árin 2016-2020:

SORPA bs.	2016	2017	2018	2019	2020
Eiginfjárhlutfall	67,8%	67,9%	75,8%	48,3%	48,6%
Arðsemi eigin fjár	23,6%	19,5%	20,7%	2,7%	-3,8%
Veltufjárhlutfall	3,05	2,21	2,43	0,94	0,43
Langtímaskuldir/eigið fé	12,0%	10,3%	5,4%	67,5%	57,6%
Uppgreiðslutími	0,6	0,6	0,4	8,2	11,8
Heildarskuldir/rekstrartekjum	31%	33%	27%	106%	115%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	17,0%	15,8%	18,0%	8,9%	5,8%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	16,5%	15,3%	17,7%	9,7%	8,0%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:


- Tap var á rekstri félagsins fyrir árið 2020 um 144 m.kr. sem er 200 m.kr. betri afkoma en endurskoðuð rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Tapið skýrist af mestu af magnminnkun á urðunarstað ásamt því að stærsta fjárfestingarverkefni í sögu félagsins var að ljúka.
- Enn er lítil reynsla komin á rekstur gas- og jarðgerðastöðina GAJU og mun næsta rekstrarár gefa samlaginu betri mynd af því hver niðurstaðan verður ásamt því að ferlar verði komnir í gott horf. Á árinu var undirritaður samningur og viljayfirlýsing um kaup á verulegu magni á metani.
- Hafist var handa við að endurskipuleggja félagið til að mæta þeim miklu breytingum sem framundan eru hjá félaginu m.a. til að mæta lögbundnum kröfum um meðhöndlum á úrgangi. Gerðar voru skipulagsbreytingar ásamt því sem viðskiptalíkani félagsins var umbreytt. Áhrif aðgerðanna koma ekki að fullu fram árið 2020 þar sem m.a. gjaldskrárbreytingar tóku ekki gildi fyrr en 1.jan 2021.
- Fjárfestingar félagsins voru fjármagnaðar með skammtímalánnum og stofnframlögum frá eigendum. Í árslok 2020 námu skammtímalán félagsins 742 m.kr. og langtímalán 2,4 ma.kr. Hækkun vaxta og hærrí verðbólga hefur neikvæð áhrif á rekstur SORPU og því er mikilvægt á næstu árum að létta á skuldum félagsins. Rétt er að benda á að SORPA fékk 500 m.kr stofnframlag í janúar 2021 sem minnkaði ádrátt á skammtímalánið.
- Kennitölur félagsins endurspeglar þær miklu breytingar sem félagið er að ganga í gegnum. Mikilvægt er að það gangi eftir að rétta af rekstur félagsins á árinu 2021 og tryggja þannig sjálfbærni þess.
- Notkun á endurvinnslustöðvum hefur aukist og nokkrar stöðvanna anna vart eftirspurn.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Félagið hefur gengið í gegnum mikla endurskipulagningu á árinu 2020 og mikilvægt er að þær aðgerðir sem farið var í skili sér í bættri afkomu á árinu 2021. Rekstur félagsins þarf að standa undir þeim miklu fjárfestingum sem félagið hefur ráðist í og lántökum sem þeim tengjast.
- Stefna stjórnvalda í úrgangsmálum og lagabreytingar þeim tengdum hafa veruleg áhrif á rekstur SORPU. Oft er lítil fyrirsjáanleiki í breytingum á úrgangsmálum sem veldur því að félagið þarf að bregðast við breyttum ferlum, takmörkunum og reglum um meðhöndlun úrgangs með skömmum fyrirvara. Slíkar breytingar geta valdið auknum kostnaði hjá samlaginu og auknum fjárfestingum.
- Félagið mun hefja útflutning á úrgangi til orkuvinnslu árið 2022 og hætta urðun í Álfsnesi að fullu fyrir lok ársins 2023. Þessum breytingum fylgir óvissa og kostnaður sem mikilvægt er að gjaldskrár félagsins endurspegli. Þrátt fyrir að SORPA hætti urðun í Álfsnesi og hefji útflutning á efni til brennslu að þá þarf að tryggja aðgang SORPU að urðunarstað eftir lokun
- Mikilvægt að hraða undirbúningi að framtíðarlausnum varðandi brennslu úrgangs og tryggja að ríkisvaldið komi að fjármögnun þeirra verkefna.
- Aukinn agi og samræmi í flokkun og meðferð úrgangs í öllum sveitarfélögum myndi auka skilvirkni hjá SORPU og lækka tilkostnað sem kæmi eigendum til góða.
- Færsla endurvinnslustöðvarinnar á Sævarhöfða og breytingar á öðrum endurvinnslustöðvum sem eru komnar að þolmörkum kalla á töluverðar fjárfestingar á árunum 2022-2025.

Strætó bs

Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2020	Áætlun 2020	Breyting	%	Raun 2019	Breyting	%
Rekstrartekjur	8.089	9.209	-1.120	-12,2%	8.747	-658	-7,5%
Rekstrargjöld	-8.479	-9.157	677	-7,4%	-8.738	258	-3,0%
EBITDA	-135	363	-498	-137,3%	288	-423	-147,0%
EBIT	-390	52	-443	-846,6%	9	-400	-4231,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-64	-52	-12	22,3%	-46	-17	37,2%
Rekstrarniðurstaða	-454	0	-454	inf%	-37	-417	1130,8%




Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 454 m.kr. en gert var ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 307 þ.kr. samkvæmt áætlun ársins. Afkoma ársins var því 417 m.kr. lakari en árið á undan.

Rekstrartekjur voru 1.120 m.kr. undir áætlun og 658 m.kr. lægri en árið á undan sökum áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru á starfsemi félagsins. Fargjöld drógust saman um 25,5% milli ára sem er í takt við fjölda farþega á árinu, sem dróst saman um 27,4% samanborið við fyrra ár. Rekstrarframlög eignaraðila samanstanda af sérstökum framlögum sem innheimt eru á grundvelli fjárhagsáætlunar. Því til viðbótar niðurgreiða


eigendur ferðir aldraðra, öryrkja og nema, sem fært er undir fargjöld. Rekstrarframlag eignaraðila jókst um 7,3% milli ára sem skýrist að mestu af auknu þjónustustigi við almenning á árinu 2020. Ríkisframlag er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningsamganga í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, auknu umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn er til 2022 og felur í sér mánaðarleg framlög af hálfu ríkissjóðs.

Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2020	Áætlun	Mism.	%	Raun 2019	Mism.	%
Fargjöld - strætó	1.747	2.513	-767	-30,5%	2.344	-597	-25,5%
Rekstrarframlög eigenda	3.826	3.818	8	0,2%	3.567	259	7,3%
Ríkisframlag	900	887	13	1,4%	887	13	1,4%
Pant akstursþjónusta	1.335	1.801	-466	-25,9%	1.731	-396	-22,9%
Aðrar tekjur	281	189	92	48,6%	218	63	28,9%
	8.089	9.209	-1.120	-12,2%	8.747	-658	-7,5%



Allur beinn kostnaður við Pant akstursþjónustu umfram fargjöld notanda er greiddur af sveitarfélögum sem eru hluti af samningi um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Pant akstursþjónustan dróst saman um 22,9% sem skýrist af heimsfaraldri. Aðrar tekjur eru að stærstum hluta þóknar til Strætó vegna Pant akstursþjónustu og aksturs á landsbyggðinni. Aðrar tekjur jukust um 28,9% milli ára sem skýrist af nýju samkomulagi sem gert var við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að Hafnarfirði undanskildum, vegna Pant akstursþjónustu. Einnig má rekja hækkun til tilraunaverkefnis um sölu auglýsinga á strætisvagna sem skilaði um 10 m.kr.


Fargjaldatekjur farþega standa undir um 25% af almennum rekstrarkostnaði Strætó á höfuðborgarsvæðinu (2019: 35%). Í eigendastefnu Strætó er kveðið á um að stefnt skuli á að hlutfallið sé um 40%, og vinnur Strætó að því að fargjaldatekjur standi undir 40% af almennum rekstrarkostnaði.



Farþegafjöldi dróst verulega saman á árinu eða um 27%. Fyrstu tvo mánuði ársins var þó aukning miðað við árið á undan um 8%, en eftir það dróst verulega úr farþegum í vögnum sem rekja má beint til áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru.

Rekstrargjöld 2020 eru í takt við áætlun að undanskildum Pant akstursþjónustu, sem var um 26% lægri en gert var ráð fyrir í áætlun, sem skýrist að stærstum hluta af heimsfaraldri kórónuveiru. Á árinu 2020 jókst kostnaður verktaka Strætó um 6% sem skýrist af auknum akstri og hækkun verðlags en greiðslur til verktaka breytast í takt við breytingar á verðlagi, þ.e. breytingu á launa-, olíu- og neysluvísitölu.

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2020	Áætlun	Mism.	%	Raun 2019	Mism.	%
Eigin akstur strætó	3.143	3.383	-240	-7,1%	3.138	5	0,2%
Akstur verktaka - strætó	2.973	2.839	134	4,7%	2.800	173	6,2%
Pant akstursþjónusta	1.335	1.801	-466	-25,9%	1.731	-396	-22,9%
Skrifstofu- og stjórnunark.	773	823	-50	-6,1%	791	-18	-2,3%
Afskriftir	255	311	-56	-18,0%	278	-23	-8,3%
Samtals	8.479	9.157	-677	-7,4%	8.738	-259	-3,0%



Skrifstofu og stjórnunarkostnaður er lítilega lægri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 6% og vegur um 9% af heildarrekstrarkostnaði Strætó sem er svipað hlutfall og árið á undan (2019: 9%). Eigin akstur er um 37% af heildargjöldum og akstur verktaka um 35%.


Efnahagur

Eigið fé í lok árs nam um 1.283 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið 40%, en var 47% 2019. Veltufjármunir lækkuðu milli ára um 48% sem skýrist að mestu leyti af lækkun krafna við tengda aðila eða 68%. Fjárfestingar Strætó námu 158 m.kr. á árinu og eru helst tilkomnar vegna þróunar nýs greiðslukerfis. Auk þess eru fjárfestingar í innréttingum, áhöldum og tækjum sem nema um 20 m.kr. Meðal fastafjármuna er framlag til Brúar lífeyrissjóðs frá árinu 2017 sem dreift er á 20-30 ár í samræmi við leiðbeiningar frá reikningskilanefnd sveitarfélagana. Í árslok voru eftirstöðvar framlags til Brúar lífeyrissjóðs 669,9 m.kr. þegar sá hluti sem kemur til gjaldfærslu á árinu 2021 hefur verið dregin frá.

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2020	31.12.2019	Breyting	%
Fastafjármunir	2.433	2.558	-125	-4,9%
Veltufjármunir án handb.fjár	407	774	-367	-47,5%
Handbært fé	377	377	-1	-0,2%
Eignir samtals	3.217	3.710	-493	-13,3%
Eigið fé	1.283	1.737	-454	-26,1%
Langtímaskuldir	998	1.002	-4	-0,4%
Næsta árs afborganir langt. skulda	39	26	13	48,2%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	898	946	-48	-5,1%
Skuldir samtals	1.934	1.973	-39	-2,0%
Skuldir og eigið fé samtals	3.217	3.710	-493	-13,3%


Sjóðstreymi

Handbært fé nam 376,6 m.kr. í árslok en var 377,1 m.kr. í upphafi árs. Ef tekið er mið af útstandandi kröfum á eigendur og aðra viðskiptavinum hefur lausafjárstaðan þó dregist saman um 354,6 m.kr. milli ára, nam 960,2 m.kr. í árslok 2019 en nemur 605,6 m.kr. í árslok 2020.




Vakin er athygli á dómsmálum á hendur Strætó vegna útboðs á akstri á höfuðborgarsvæðinu árið 2010, en málið tapaðist fyrir Hæstarétti 2017, en eftir er að fá niðurstöður um skaðabótaupphæð sem Strætó þarf að greiða. Gjaldfærð hefur verið varúðarfærsla vegna þessa máls. Í febrúar 2019, barst Strætó bs., stefnur frá tveimur rammisamningshöfum Akstursþjónustu fatlaðra og aldraðra. Þeir höfðu kært Strætó til kærunefndar útboðsmála þar sem þeir telja að á þeim hafi verið brotið við framkvæmd Akstursþjónustunnar. Strætó hefur brugðist við með því að fela lögmanni sínum um að taka til varna.

Eignabreytingar



Fjárfestingar námu 158 m.kr. á árinu 2020, þar af var 143 m.kr. vegna þróunar nýs greiðslukerfis sem tekið verður í notkun á fyrri hluta árs 2021. Aðrar fjárfestingar voru í innréttingum, áhöldum og tækjum upp á 20 m.kr. Samkvæmt fjárfestingaráætlun er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 300 m.kr. á ári í nýjum vögnum á næstu fimm árum.



Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar til afborgana skulda, skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meira er geta félagsins til vaxtar og viðhalds eigna. Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum er -2,1% í lok árs 2020 en var 3,1% í árslok 2019.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Strætó fyrir árin 2016-2020:

Strætó	2016	2017	2018	2019	2020
Eiginfjárhlutfall	65,9%	64,2%	49,0%	46,8%	39,9%
Arðsemi eigin fjár	10,5%	0,6%	-6,5%	-2,1%	-26,1%
Veltufjárhlutfall	1,41	1,29	0,90	1,19	0,84
Langtímaskuldir/eigið fé	1,2%	0,0%	56,3%	57,7%	77,8%
Uppgreiðslutími	0,3	0,1	5,5	3,8	-6,3
Heildarskuldir/rekstrartekjum	13%	14%	22%	23%	24%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	5,0%	2,6%	2,2%	3,1%	-2,0%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	4,8%	2,3%	2,4%	3,3%	-1,7%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Tap af rekstri nam 454 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 307 þ.kr. afgangi. Rekstrartekjur voru 1.120 undir áætlun, þar af voru fargjöld verulega undir áætlun sem rekja má til áhrifa Covid-19 á starfsemi félagsins eða sem nemur um 767 m.kr. Þá var umfang Pant akstursþjónustu mun minna en áætlað hafði verið. Rekstrargjöld voru um 678 m.kr. undir áætlun, þar af 466 m.kr. vegna Pant akstursþjónustu.
- Farþega fjöldi dróst verulega saman milli árána 2020 og 2019. Heildarfjöldi farþega 2020 var 8.850.415 en áætlun gerði ráð fyrir 12.573.136, eða samdráttur um 27%. Fargjaldatekjur farþega stóðu undir 25% tekna Strætó en eigendastefna gerir ráð fyrir 40%.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Veltufjárhlutfallið er komið niður í 0,84 en æskilegt lágmark er 1. Kennitalan lýsir hæfni til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á árinu og er því getan skert án aðgerða.
- Allar kennitölur hafa versnað mikið á milli ára og lýsir mjög erfiðari stöðu félagsins sem þarf að bregðast við þar sem reksturinn er ekki sjálfbær.

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu. Í þessu sambandi blasir við hvað B-hluta fyrirtækin hafa flest fjarlægst hratt borgarráð og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og þekking og innsýn í rekstur þeirra og fjárhagsstöðu fer að sama skapi dvínandi. Samtímis er ljóst að Reykjavíkurborg ber ýmist beina eða óbeina ábyrgð á þessum fyrirtækjum og þjónustuhlutverkum þeirra og afkoma fyrirtækjanna getur haft afdrifarík áhrif á stöðu A-hluta borgarsjóðs.

Byggðasamlögin, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó, eru samrekstrarfélög sveitarfélaga sem hvert um sig ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Í þessu ljósi er mikilvægt að ákvarðanir um fjárhagsskipan og fjárfestingar séu teknar með virkri aðkomu borgarráðs og hlutaðeigandi bæjarráða. Þá er einnig æskilegt að hlutaðeigandi sveitarfélög fjármagni sjálf aukin framlög eigenda vegna rekstrar eða fjárfestinga byggðasamlaga fremur en að fyrirtækin safni upp skuldum. Ennfremur ættu þau að gera upp lífeyrisskuldbindingar með samtímagreiðslum.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Í árslok 2020 áttu Félagsbústaðir 2.904 íbúðareiningar. Þar af voru 2.134 almennar leiguíbúðir víðs vegar um borgina, 366 þjónustuíbúðir fyrir aldraða, 358 íbúðir í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga og 46 íbúðaeiningar fyrir heimilislausa.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,5551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum tveggja fyrirtækja, Höfða og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísi, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Þann 1. janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skylt að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Þá tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Veitubjónustan verður áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu. Í móðurfélagi breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, verður sameignleg stoðþjónusta við dótturfélög s.s. fjármál, gæða, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

Íprótta- og sýningarhöllin hf. er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,82% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Sorpa bs er 59% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Sorpa annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Aflvaki er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið var ekki í rekstri á árinu 2020.

Þjóðarleikvangur ehf er hlutafélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á mótí ríki og KSÍ, stofnað 12. júní 2019. Tilgangur þess er að undirbúa byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Félagið stendur fyrir þarfagreiningu og verkefnaskipulagi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.